

Samráðsskjal.

Haft var samráð við eftirfarandi aðila við gerð frumvarpsins: Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp, Samtökin '78, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisstofu, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Frumvarpsdrög voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-57/2021) 25. febrúar 2021 og var umsagnarfræstur til 8. mars. Þrjár umsagnir bárust á þeim tíma, frá Landsamtökunum Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Allir umsagnaraðilar styðja fyrirhugaða lagasetningu.

Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands gera athugasemd við að hugtökin *fötlun* og *fatlað fólk* séu skilyrt við „langvarandi skerðingar“. Athugasemdin leiddi ekki til breytinga á frumvarpinu þar sem mikilvægt þykir að sami skilningur verði lagður í hugtakið *fötlun* og *fatlað fólk* í frumvarpi þessu og í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. [86/2018](#), og gætt samræmis við 1. og 2. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. [38/2018](#). Í framangreindum lagabálkum er gert að skilyrði að skerðingar séu „langvarandi“ og til að gæta samræmis við túlkun og framkvæmd laganna er mikilvægt að skilgreiningarnar séu þær sömu.

Öryrkjabandalagið bendir jafnframt á að tilgreina þurfi fleiri svið samfélagsins þar sem verið sé að telja upp svið til áhersluauka sem lögin skuli taka til. Frumvarpið er unnið í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. [85/2018](#) þar sem kveðið er á um að fjölga skuli tilgreindum mismununarþáttum. Ráðuneytið telur ekki þörf á að tilgreina fleiri svið samfélagsins en þegar er gert. Enn fremur setur Öryrkjabandalagið fram þá tillögu í umsögn sinni að mismunun vegna félagslegrar stöðu verði bætt við frumvarpið. Eins og fram hefur komið er frumvarpið unnið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. [85/2018](#) þar sem þeir mismunarþættir sem fjölga á eru sérstaklega tilgreindir. Ekki er talin ástæða til að fjölga mismununarþáttum í frumvarpi þessu umfram það sem þar er tilgreint.

Mannréttindaskrifstofa Íslands vakti meðal annars athygli á mikilvægi þess að Jafnréttisstofu yrði tryggt nægjanlegt fjármagn svo að stofnunin gæti rækt sitt hlutverk sem skyldi en fjölgun mismununarþátta með frumvarpi þessu mun fjölga verkefnum stofnunarinnar. Frumvarp þetta gerir ekki sérstaklega ráð fyrir auknu fjármagni til Jafnréttisstofu en bent er á að nýlega var gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá stofnuninni vegna nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. [150/2020](#), sbr. lög um stjórnslu jafnréttismála, nr. [151/2020](#), auk þess sem svigrúm skapaðist fyrir stofnunina til að bæta við öðru stöðugildi í ljósi verkaskiptingar milli stofnunarinnar og nýrrar skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu. Frá síðustu áramótum eru því tvö stöðugildi á Jafnréttisstofu fyrir verkefni sem leiða af nýjum lögum og framtíðarverkefni. Ætla má að framangreint muni nýtast til að standa straum af verkefnum sem skapast vegna frumvarps þessa, verði það samþykkt.